

**232. fundur stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 10. 06 2014 kl. 10:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.**

Mættir; SvB, FH, IGG, KCG, SLS, NP, VLF.

1. Fundargerð síðasta fundar

sp

2. Inntaka nýrra félaga

Engar umsóknir

3. Verkaskipting stjórnar

Ingvar Georg Georgsson gjaldkeri
Kristján Carlsson Granz ritari

4. Verkefni stjórnar

Ákveðið að stjórnin hittist á vinnudögum 6. og 7. október í Munaðarnesi og móti stefnu fyrir starfstímann. Umræður um möguleg málefni. Óskað verður eftir því við formenn deilda að þeir haldi deildarfundi og að fagdeildir fundi og sendi inn málefni til vinnufundarins fyrir 4. september.

Næsti stjórnarfundur verður 4. september ef þarf, síðan 6. og 7. október, 30. október og 27. nóvember

5. Samningar SNS, SNR, SA og LSS

Nýr kjarasamningur var undirritaður 29. apríl við Isavia ohf, sem gildir til 28. febrúar 2017. Samningurinn var unnin í samvinnu við SFR og FFR.

Nýr kjarasamningur við ríkið fyrir sjúkraflutningamenn var undirritaður 4. júní og fer í kynningu og atkvæðagreiðslu.

Kjarasamningurinn við sveitarfélögin losnar í ágúst. Vinna er í gangi milli BSRB-félaga og SNS við leiðréttingar á launatöflu. LSS stefnir á að semja í ágúst. Umræður um starfsmatið og endurmatið.

6. 15. Þing LSS

Þingið, sem var pappírslaut í annað sinn, var vel sótt og vinnusamt.

Farið yfir þingssamþykktir og ákveðið á hvaða aðila þær skuli sendar (meðf.)

Umræður um nauðsyn þess að endurskoða löginn meðal annars með tilliti til þess hvort nauðsynlegt sé að allar deildir séu skráðar í löginn. Umræður um sameiningu deilda m.a. með tilliti til sameiningar sveitarfélaga og slökkviliða.

7. Sjúkraflutningar

Nýr skólastjóri sjúkraflutningaskólans er Brynhildur Elvarsdóttir hjúkrunarfræðingur á Húsavík.

Ný stjórn Fagdeildar sjúkraflutningamanna hjá LSS var kosin á þinginu.

Njáll form, Hermann v-form, Anton Berg, Ingólfur Birgir og Gústaf.

Stjórnin hefur haldið sinn fyrsta fund og ályktaði þar um; sjúkrabíla og Fagráð sjúkraflutningaskólans (meðf).

Farið yfir ályktanirnar og umræður um aðferðafræðina við val á sjúkrabílum.

Fagdeildin mun taka þessi mál upp í Fagráði sjúkraflutninga.

8. Slökkviliðsmaðurinn næsta blað

Kemur út 12. júní, breytt forsíða m.t.t. þátttöku í alþjóðasamtökum.

Farið yfir próförkina. Ritnefndin var virk og tókst að fá töluvert af greinum frá félagsmönnum.

9. Önnur mál:

- a) Rætt um menntun og starfsheiti félagsmanna hjá Isavia
- b) Sameiginleg samstarfsnefnd LSS, SFR og FFR með Isavia ohf
- c) Ákveðið að taka upp facebook-síðu og gera nýja heimasíðu
- d) Verkferlar –endurútgáfa er áætluð um haustið 2015. Nauðsynlegt er að fá fleiri aðila að verkinu. Rætt um „Field-guide“.

10. Mál til kynninga

- a) Aðalfundargögn Lífeyrissjóðs sveitarfélaga
- b) Fagráð sjúkraflutningaskólans –lagt fram
- c) Ályktun fagdeildar sjúkraflutningamanna LSS vegna sjúkrabíla